


Ársreikningur Landspítala 2022

skýrður á ársfundi spítalans 5. maí 2023

Gunnar Ágúst Beinteinsson

framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs

Glæra 1



Heilbrigðisráðherra, forstjóri, samstarfsfólk og aðrir ársfundargestir.

Ég er hér kominn til að fara yfir ársreikning ársins 2022. Þegar árið gekk í garð voru enn í gildi strangar samkomutakmarkanir sem áttu eftir að vera hertar að nýju áður en þeim var aflétt í febrúarlok. Í tvö ár hafði allt verið öðruvísi en áður: vinnan, félagslífið, samfélagið. Landspítali þurfti að gerbreyta allri sinni starfsemi og takast á við heimsfaraldur af stærðargráðu sem fáir hefðu getað gert sér í hugarlund.

Aflétting samkomutakmarkana var þó ekki lokapunkturinn hjá okkur. Sú hrina Covid smita sem gekk yfir samfélagið kallaði ekki aðeins á mikilvæga þjónustu spítalans heldur gerði okkur erfitt um vik að manna allar vaktir því okkar fólk, eins og aðrir, veiktist og svo tóku flensurnar við.

Við horfum ekki endilega til ársins 2022 með söknuði heldur með stolti yfir hversu vel okkur tókst til, þrátt fyrir allt, að halda úti góðri heilbrigðisþjónustu,

þökk sé frábæru starfsfólki. Áður en ég fer yfir ársreikninginn ætla ég að byrja á að fara aðeins yfir samanlögð áhrif Covid á rekstur Landspítala og staldra stuttlega við innleiðingu þjónustutengdrar fjármögnunar.


Glæra 2

Árið 2022 í rekstri Landspítala




- Faraldur Covid-19 hafði áfram mikil áhrif í rekstri Landspítala
- Mönnunarástandi setti mark sitt á starfsemi og rekstur sem aldrei fyrr

Fjöldi innliggjandi sjúklingameð COVID-19 á hverjum degi frá upphafi faraldurs í lok febrúar 2020 til ársloka 2022:



Hér sjáum við þróun innlagna vegna Covid-19. Rauði parturinn sýnir fjölda sjúklinga á gjörgæslu en eins og sjá má þá náðum við hæsta toppinum í innlögnum eftir að samkomutakmörkunum var aflétt. Samhliða stóðum við frammi fyrir miklum fjarvistum vegna veikinda og þau, ásamt styttingu vinnuvikunnar, gerðu okkur erfitt um vik að manna vaktir með fullnægjandi hætti.

Glæra 3




Samanlögð fjárhagsleg áhrif Covid-faraldursins á Landspítala námu ríflega tuttugu milljörðum króna. Súluritið sýnir áhrif á rekstrarreikning eftir árum og aftur má sjá að áhrifin voru mest á árinu 2022.

Appelsínugula súlan sýnir viðbótar launakostnað sem fólst meðal annars í launum vegna álags og aukavinnu og tímabundinna ráðninga, svo sem í bakvarðasveit. Veikindafjarvistir þurfti að brúa með yfirvinnu auk þess sem greitt var viðbótarálag til starfsfólks sem starfaði við mjög krefjandi aðstæður.

Grái liturinn á súlunum sýnir kostnað við rannsóknarvöru vegna PCR veiruskimana fyrir Covid, sem var mest á árinu 2021 og á fyrsta ársfjórðungi 2022 en síðan dró verulega úr skimunum eftir afléttingu sóttvarnaraðgerða. Önnur vörukaup, svo sem hlífðarbúnaður, er ríflega hálfur milljarður króna hvert ár og eru sýnd með gulum lit. Græni liturinn sýnir síðan önnur áhrif á reksturinn, til dæmis auknar ræstingar og tækni. Auk þessa kallaði faraldurinn á talsverða fjárfestingu í stærri tækjabúnaði, meðal annars öflugum veirugreiningartækjum.

Glæra 4



Mannekla er viðvarandi vandamál á Landspítala. Stytting vinnuvikunnar er kærkomin og mikilvæg í starfi en í rekstri hefur hún þau áhrif að hvert stöðugildi skilar færri vinnustundum. Því þótt skrifstofufólk geti mögulega unnið sína vinnu á færri stundum þá er ekki hægt að keyra vaktir hraðar á spítala. Samhliða hefur álag aukist – okkur er að fjölga, við erum að eldast og ferðamannastraumurinn segir sitt. Mest er álagið á bráðadeild spítalans í Fösvogi. Þar hefur umfang á hvern hjúkrunarfræðing aukist um 27% frá 2019 mælt í fjölda koma á hvert stöðugildi. Aukningin á dag- og göngudeildum er 16% og 5% aukning er í fjölda lega sem mælast á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings yfir árið. Sambærileg aukning er hjá læknum.

Glæra 5

Árið 2022 í rekstri Landspítala: innleiðing DRG




- Árið 2022 tók gildi samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala um þjónustutengda fjármögnun (DRG) og hófst undirbúningur að fullu.
- Megin áhersla á breytta skráningu í sjúkraskrá.
- Stýrinefnd innleiðingar þjónustustengdrar fjármögnunar á LSH stofnuð.
- Í júlí voru 10% innliggjandi sjúklinga með ófullnægjandi skráningu en í lok árs aðeins 0,8%.

Á árinu 2022 tók gildi samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Landspítala um þjónustutengda fjármögnun. Tekur sú fjármögnun fullt gildi á þessu ári líkt og forstjóri spítalans kom að hér áðan. Megináherslan árið 2022 var á nauðsynlega skráningu í sjúkraskrá svo unnt sé að flokka alla klíníska starfsemi í þar til gerða sjúkdómaflokka. Með samstilltu átaki fjölda starfsmanna náðist feykilega góður árangur: ófullnægjandi skráning innliggjandi sjúklinga fór úr 10% í 0,8%.

Við erum því sannarlega tilbúin í næstu skref á þessari vegferð!

Glæra 6

REKSTRARREIKNINGUR					
Fjárhæðir í milljónum króna		2022	2021	Mism	%
Tekjufært ríkisframlag		94.142	86.246	7.896	9,2%
Rekstrartekjur		10.900	10.308	592	5,7%
	Tekjur samtals	105.042	96.554	8.489	8,8%
Launagjöld		75.854	65.529	10.326	15,8%
Rekstrargjöld		26.122	26.947	-825	-3,1%
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		1.526	1.411	114	8,1%
Fjármagnsliðir		0	-9	8	-95,6%
	Gjöld samtals	103.502	93.878	9.623	10,3%
Afkoma ársins		1.541	2.675	-1.135	-42,4%

Nú ætla ég að snúa mér að ársreikningnum. Tekjur Landspítala á árinu 2022 voru 105 milljarðar og hækkuðu um tæpa 8,5 milljarða króna milli ára eða 8,8%.

Ríkisframlagið hækkaði um 7,8 milljarða króna en þar af voru 4,2 milljarðar til að mæta launahækkunum og almennum verðlagshækkunum milli ára. Sértek hækkan varð á framlagi til Landspítala til að fjölga hágæslurýmum á gjörgæslum og endurhæfingarrýmum fyrir aldraða á Landakoti. Framlag vegna Covid kostnaðar hækkaði einnig milli ára.


Hækkun rekstrartekna milli ára skýrist fyrst og fremst af fjölgun ósjúkratryggðra sjúklinga og hefur það einnig áhrif á gjaldahlið rekstrarreikningsins til hækkunar.

Ef frá er talin lækkun á Covid-tengdum rekstrargjöldum þá var undirliggjandi hækkun í rekstrarkostnaði milli ára u.þ.b. milljarður króna og er það í samræmi við verðlagsþróun.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna hækka milli ára. Fjárfestingarþörf í tækjum, vélum og hugbúnaðarlausnum fer vaxandi.

Afkoma ársins í rekstri var jákvæð sem nam 1.541 milljón króna. Sú niðurstaða skýrist af tvennu: annars vegar af viðbótarfjárveitingum sem heilbrigðisráðuneytið ráðstafaði til Landspítala í lok árs upp í uppsafnaðan eldri halla. Hins vegar af framlagi á fjárukalögum upp í eftirstöðvar Covid-19 kostnaðar frá fyrra ári, einnig ráðstafað upp í eldri halla.

Glæra 7


LAUNAGJÖLD					
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2022	2021	Mism	%	
<i>Föst laun</i>	41.764	37.810	3.954	10,5%	
<i>Önnur laun</i>	20.320	15.951	4.369	27,4%	
<i>Launatengd gjöld</i>	13.770	11.768	2.002	17,0%	
<i>Launagjöld</i>	75.854	65.529	10.326	15,8%	
<i>Fjöldi starfsmanna á launum, meðaltal</i>	6.129	5.911	218	3,7%	
<i>Greidd dagvinnustöðugildi</i>	4.882	4.696	186	4,0%	

Launagjöld vegna fastra launa hækkuðu um tæpa fjóra milljarða króna milli ára eða 10,5%. Starfsmönnum fjölgaði um 3,7% milli ára og varð lítils háttar hækkan í meðaltals starfshlutfalli. Þá fjölgaði dagvinnustöðugildum um 4% milli ára. Einnig urðu hækkanir í samræmi við kjarasamninga milli ára auk hagvaxtarauka vorið 2022.

Árin eru þó ekki fyllilega samanburðarhæf þar sem betri vinnutími vaktavinnufólks minnkaði vinnutíma um 17% fyrir hvert stöðugildi milli ára. Fjölgun stöðugilda hefur því ekki fjölgað vinnustundum heldur hefur þeim fækkað.

Önnur launagjöld hækkuðu umtalsvert eða um 4,4 milljarða króna. Þær hækkanir koma til af tímabundnum viðbótargreiðslum til starfsmanna sem tengdust Covid-faraldrinum og aðgerðum til að tryggja lágmarksmönnun.

Glæra 8

EFNAHAGSREIKNINGUR					
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2022	2021	Mism	%	
<i>Fastafjármunir</i>	12.070	11.787	282	2,4%	
<i>Veltufjármunir</i>	14.968	13.898	1.070	7,7%	
<i>Eignir samtals</i>	27.038	25.685	1.352	5,3%	
<i>Höfuðstóll, neikvæður</i>	-650	-2.191	1.541	-70,3%	
<i>Langtímaskuldir</i>	12.466	12.105	360	3,0%	
<i>Skammtímaskuldir</i>	15.222	15.771	-549	-3,5%	
<i>Eigið fé og skuldir samtals</i>	27.038	25.685	1.352	5,3%	

Hér sjást helstu tölur úr efnahagsreikningi Landspítala.

Breytingar voru gerðar á lögum um opinber fjármál árið 2017 og síðan þá hefur ríkt óvissa um meðhöndlun á fasteignum Landspítala. Fasteignir eru ekki eignfærðar í ársreikningnum en þó er ýmis kostnaður gjaldfærður vegna þeirra auk þess sem haldið er utan um endurbætur meðal fastafjármuna. Fyrirvari er því gerður varðandi efnahagsstöðu.

Veltufjármunir hafa aukist um einn milljarð sem skýrist af hærri stöðu við ríkissjóð. En einnig hafa birgðir lækkað eftir birgðahækkun í gegnum Covid 19. Á móti hafa viðskiptakröfur hækkað sem skýrist af aukinni þjónustu.

Höfuðstóll hefur batnað sem nemur hagnaði ársins eða um 1,5 milljarði króna og er nú neikvæður um 650 milljónir króna.

Eins og sjá má af ársreikningi fyrir árið 2022 eru frávik í rekstri óveruleg og vel hefur tekist til í samstarfi Landspítala og heilbrigðisráðuneytisins. Spítalinn stendur þó frammi fyrir miklum áskorunum í rekstri. Okkur heldur áfram að fjölga, við erum að eldast og samfélagið að verða fjölbreyttara. Allt kallar þetta á aukin og breytt verkefni fyrir spítalann og þess vegna er sérstaklega mikilvægt að við vinnum náið saman, spítalinn og stjórnvöld, til að tryggja starfsemina.